



Reykjavík, 27. október 2021  
SFS2021060294  
218. fundur  
HG/img/aog

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

**Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi upplýsingar til foreldra vegna aðlögunar barna í leikskóla**

Á fundi borgarráðs 12. ágúst 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort allir foreldrar barna sem eru að byrja í leikskóla hafi fengið upplýsingar um dagsetningu sem barn þeirra getur hafið aðlögun? Í reglum segir að foreldrar eigi að fá þessar upplýsingar eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefist, miðað við 1. eða 15. hvers mánaðar. Fulltrúi Flokks fólksins hefur fengið upplýsingar um að ekki allir foreldrar hafi fengið dagsetningu, t.d. foreldrar barna sem eiga að byrja í leikskólanum Dalskóla í Úlfarsársdal og Jörfa í Hæðargarði. Lengst af hefur hluta foreldra verið haldið í óvissu um hvenær upphafsdagur verður og þá sérstaklega þeim foreldrum sem eiga yngstu börnin. Það liggur auðvitað fyrir hvenær elstu börnin byrja í skóla og hvenær boltinn getur farið að rúlla hjá leikskólunum. Foreldrar hafa margir hverjir ekki nein ráð því það er ekki eins og pössun liggja á lausu. Eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins heyrði í sumar að þá höfðu borist afar loðin svör frá einstaka leikskólum, talað um að ekki sé neitt vitað og mönnunarfanda sé um að kenna o.s.frv. Það er mikið álag fyrir foreldra að vera að koma úr sumarfrú og þurfa að byrja að stappa í svona löguðu.*

**Svar:**

Samkvæmt upplýsingum úr innritunarkerfi borgarinnar Völu 26. október 2021 eru 56 börn með boð um vistun í leikskóla samþykkt af forráðamanni, ekki komin með dagsetningu um það hvenær leikskóladvöl getur hafist. Í einhverjum tilvikum er um að ræða að ekki er hægt að setja inn upphafsdagsetningu í Völu þar sem ekki hefur verið skráð inn í kerfið hvenær barnið hættir t.a.m. þegar börn eru að fara milli leikskóla.

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum Dalskóla og Jörfa eru fimm umsóknir samþykktar af forráðamönnum þar sem ekki er búið að setja inn dagsetningu á upphafi leikskóladvalar. Þar er ýmist um að ræða flutningsbörn sem ekki flytja í hverfið fyrir en síðar í haust, flytja af öðrum leikskólum og þurfa að klára uppsagnarfrest þar eða hafa ekki náð eins árs eldri en koma inn á forgangi.

Nokkrir leikskólar hafa lent í vanda vegna ráðninga og hafa af þeim sökum þurft að seinka aðlögun barna. Stjórnendur hafa lagt áherslu á að eiga samtal við foreldra til að gera þeim grein fyrir þáttum sem geta komið upp í leikskólanum og hafa áhrif á tímasetningar hvað varðar t.a.m. aðlögun. Foreldrar eru hvattir til að vera meðvitaðir um þessa áhrifaþætti áður en þau segja upp dvalarsamningi eða gera aðrar ráðstafanir.